

Ísfélag hf.
Kt.: 660169-1219
Heimilisfang: [...]

Akureyri, 20.12.2023
Tilv. 2023-03-31-0274

Efni: Svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni. Línuúvilnun. Ítrekun. Litlanes ÞH-3 (2771).

1. Málsvæði og málsmeðferð

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar meint brot skipstjóra fiskiskipsins Litlanes ÞH-3, skipaskrárnúmer 2771, gegn 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, þann 27. mars 2023. Lögskráður skipstjóri í þeirri veiðiferð er mál þetta varðar var, A, kt. [...].

Í skýrslu veiðieftirlitsmanns, dags. 30. mars 2023, segir að þann 27. mars 2023 kl. 09:47 hafi veiðieftirlitsmaður Fiskistofu verið við hefðbundið eftirlit á X þegar landað var upp úr Litlanesi ÞH-3 (2771). Veiðieftirlitsmaður hafi farið um borð í skipið til að skoða afla og veiðarfæri. Við uppstokkarann þar sem línan er færð upp á stokka hafi verið krókaréttari og krókaábót. Veiðieftirlitsmaður hafi tekið myndir af krókaábótinni og línunni. Veiðieftirlitsmaður hafi spurt skipstjóra hvers vegna krókaábót væri um borð þegar verið væri að nýta línuúvilnun og svaraði skipstjóri því að stundum væri línan unnin um borð. Fram kemur að veiðieftirlitsmaður hafi einnig tekið myndir af línunni á bryggjunni og farið inn í vigtarskúr þar sem hann hafi fylgst með vigtnun aflans.

Samkvæmt skýrslu, vigtaði hafnarvörður aflann klukkan 10:26 og útbjó vigtarnótu með línuúvilnun. Skráning í aflaskráningarkerfi Fiskistofu (GAFL) fór fram frá klukkan 10:57 til 11:09. Í skýrslu kemur fram að veiðieftirlitsmaður hafi farið á bryggjuna þar sem búið var að henda krókaábótinni í land og upplýst skipstjóra um ákvæði 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 974/2022, um línuúvilnun á fiskveiðiárinu 2022/2023. Þá hafi veiðieftirlitsmaður tilkynnt skipstjóra að skrifuð yrði skýrsla vegna atviksins. Í skýrslu segir að hafnarvörður hafi haft samband við Fiskistofu síðar þennan sama dag og óskað eftir því að skráning í vigtarnótu vegna löndunar Litlanes ÞH-3 (2771) yrði breytt úr línutrekt í línu, sem var gert.

Með bréfi, dags. 30. ágúst 2023, óskaði Fiskistofa eftir frekari upplýsingum og gögnum frá X um það hvernig var staðið að vigtnun og skráningu afla Litlanes ÞH-3 (2771) þann 27. mars 2023. Svar hafnarinnar barst með tölvupósti, dags. 12. september 2023. Þar kemur m.a. fram að skipstjóri hafi óskað eftir breyttri skráningu símléiðis um klukkan 13:30, þann 27. mars 2023, eftir að löndun og skráning aflans í GAFL var lokið. Fram kemur að hafnarvörður hafi ekki verið upplýstur sérstaklega af skipstjóra við löndun, um að skrá ætti afla þessarar tilteknu veiðiferðar með línuúvilnun. Skipstjóri hafi áður beðið hafnarvörð um að skrá afla skipsins ævinlega með línuúvilnun nema annað væri tekið fram. Verklagið væri með þeim hætti að þegar Litlanes ÞH-3 (2771) landaði í X, kæmi uppstokkuð lína með bít frá X og notaða línun væri þá hífið frá borði og keyrð til X. Hafnarvörður hífi línuna og aflann fyrir Litlanes ÞH-3 (2771) og

kveðst fullviss um að í hvert skipti sem uppstokkuð lína sé hífð um borð þá sé veiðarfærið réttilega skráð sem línutrekt.

2. Lagagrundvöllur

Í 8. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, segir að við veiðar dagróðrabáta með línu sem beitt er í landi, megi landa 20% umfram þann afla í þorski, ýsu, steinbít, keilu, löngu og karfa sem reiknast til aflamarks þeirra, í einstökum róðrum. Einnig er heimilt við veiðar dagróðrabáta með línu sem stokkuð er upp í landi, að landa 15% umfram þann afla í þorski, ýsu, steinbít, keilu, löngu og karfa sem reiknast til aflamarks þeirra í einstökum róðrum.

Um línúvöðun í þessu máli gildir 8. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 og reglugerð nr. 974/2022, um línúvöðun. Í 1. gr. reglugerðarinnar koma fram hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að skipum sé heimilt að nýta línúvöðun. Í 1. tl. er gerð krafa um að línan sé stokkuð upp í landi með þeirri aðferð sem lýst er í 2. gr. reglugerðarinnar og að ekki séu önnur veiðarfæri eða hlutar þeirra um borð í bátum. Þá segir í 6. tl. að við skráningu afla í löndunarhöfn, í GAFL, komi fram, að veiðarfæri í tilteknum róðri hafi verið landbeitt lína eða lína stokkuð upp í landi samkvæmt upplýsingum útgerðaraðila.

Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, er m.a. kveðið á um að skipstjóra beri að tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist til vigtarmanns. Skv. 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 745/2016, um vigtun og skráningu sjávarafila, skal allur afli veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans og skal vigtun afla vera lokið innan tveggja klukkustunda frá því að löndun lauk. Upplýsingar samkvæmt vigtarnótu skal hafnarvörður ávallt skrá í GAFL, án ástæðulauss dráttar, skv. 2. mgr. 10. gr. sömu reglugerðar.

Í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, segir að Fiskistofa skuli svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laganna eða reglum settum samkvæmt þeim, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006. Í 2. mgr. 15. gr. er mælt fyrir um lengd leyfissviptinga en þar segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár. Í 3. mgr. 15. gr. segir að við fyrsta minni háttar brot skuli Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu.

3. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi, dags. 19. september 2023, tilkynnti Fiskistofa málsaðila að málið væri til meðferðar. Var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framið og eftir atvikum hvort beita ætti viðurlögum.

Sjónarmið málsaðila bárust með bréfi dags. 26. september 2023. Málsaðili sagði það liggja ljóst fyrir að sú lína sem notuð var í róðri skipsins þann 27. mars 2023 hafi verið stokkuð upp í landi og að skipstjóri hafi skilað aflaupplýsingum í samræmi við það, enda hafi línuívilnun sannarlega átt við. Kvað málsaðili krókaabótina sem var um borð ekki nothæfa þar sem hún væri bæði ryðguð og ónýtt. Skipstjóri hafi óskað eftir breytingu á skráningu aflans þannig að línuívilnun yrði ekki nýtt, í þeirri von að málinu væri þar með lokið.

Að lokum kvað málsaðili sig hafa ítrekað við skipstjóra og áhöfn bátsins að fylgja í öllu reglugerðum og lögum sem gilda um línuívilnanir. Farið hafi verið yfir málin með áhöfn skipsins og gerðar ráðstafanir til að tryggja að atvik sem þetta gerist ekki aftur.

4. Niðurstaða og rökstuðningur

Meginágreiningurinn í máli þessu lýtur að tvennu. Í fyrsta lagi hvort skilyrðum þess að línuívilnun sé nýtt hafi verið uppfyllt og í öðru lagi hvort skipstjóri hafi tryggt að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann hafi borist til vigtarmanns, sbr. 3. másl. 1. mgr. 9. laga nr. 57/1996.

Óumdeilt er að krókaabót og krókaréttari voru um borð í skipinu. Krókaabót og krókaréttari eru hlutar veiðafæra og teljast því til annarra hluta veiðarfæra sbr. 1. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 974/2022. Í athugasemdum málsaðila var krókaabótin sögð ónothæf, bæði ryðguð og ónýtt. Myndir sem veiðieftirlitsmaður tók af krókaabótinni um borð sýna að ástand krókaabótarinnar virðist vera gott og ekki var að sjá að hún væri ryðguð. Þá var krókaabótin staðsett við línuganginn, þar sem línun er unnin sé hún unnin um borð. Fiskistofa getur því ekki fallist á að sú krókaabót sem var um borð hafi verið ónýtt og ónothæf.

Í athugasemdum málsaðila kemur fram að línun sem notuð var í veiðiferðinni hafi verið stokkuð upp í landi og að skráning aflans með línuívilnun hafi verið rétt skráning á hafnarvog. Fiskistofa bendir á í þessu tilliti að afli sem veiðist á línu stokkaðri upp í landi, nýtur ekki línuívilnunar ef önnur veiðarfæri eða hlutar þeirra eru um borð í skipinu. Bannað er vera með önnur veiðarfæri eða hluta þeirra um borð sé ætlunin að nýta línuívilnun, þar sem erfitt getur verið að sanna hvort veiðarfæri sem um borð eru í fiskiskipum hafi verið notuð við veiðar. Hafnarvörð skortir forsendur til að álykta um hvort lína hafi verið unnin í landi eða á sjó, hvort sem það kemur í hans hlut að hífa línuna til og frá borði eða ekki. Ábyrgðin hvílir ævinlega á skipstjóra að veita upplýsingar um það hvort lína sem notuð er í tiltekinni veiðiferð hafi verið unnin eða stokkuð upp í landi ef ætluninni er að njóta þessarar ívilnunar sem er útgerðinni til hagsbóta.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða Fiskistofu að Litlanes ÞH-3 (2771) hafi ekki uppfyllt skilyrði línuívilnunar, skv. 1. gr. reglugerð nr. 974/2022 þar sem önnur veiðarfæri voru um borð.

Hvað varðar að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann hafi borist vigtarmanni, þá liggur fyrir í málinu að þann 27. mars 2023 landaði Litlanes ÞH-3 (2771) á X og lauk löndun 10:26. Afli var skráður með línutrekt (og naut línuívilnunar) í GAFL, þrátt fyrir að krókaréttari og krókaabót væru um borð og skilyrði línuívilnunar því ekki uppfyllt. Veiðieftirlitsmaður gerði

skipstjóra viðvart um að skrifuð yrði skýrsla vegna þess að ekki er heimilt að nýta línúvildun ef önnur veiðarfæri eru um borð, sbr. 1. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 974/2022. Um klukkan 13:30 barst hafnarverði beiðni frá skipstjóra um að breyta skráningu aflans í GAFL úr línutrekt í línu.

Við meðferð málsins kom í ljós að skipstjóri hafi áður beið hafnarvörð um að skrá afla skipsins ævinlega með línúvildun nema annað væri tekið fram. Er það á ábyrgð skipstjóra að tryggja við vigtun og skráningu afla á hafnarvog í kjölfar hvernar veiðiferðar að veiðarfærið landbeitt lína eða línutrekt sé skráð sem veiðarfæri aflans þegar það á við. Af því leiðir að sú framkvæmd sem hefur verið viðhöfð, að skipstjóri láti hafnarvörð vita eitt sinn fyrir öll, að skipið ætli að nýta línúvildun nema annað sé tekið fram, gerir skyldu skipstjóra til að veita réttar og viðeigandi upplýsingar um aflann, enn ríkari.

Heimild til að nýta línúvildun skv. 8. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, er undantekning frá meginreglu 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 745/2016, sem segir m.a. að allur afli skuli skráður til aflamarks á veiðiskip, og ber undantekninguna að túlka þröngt. Sú framkvæmd sem hefur verið viðhöfð, þ.e. að skrá afla skipsins alltaf með línúvildun, er útgerð og hafnarstarfsmönnum vafalaust til hagræðis í einhverjum tilfellum og hefur Fiskistofa hingað til ekki gert athugasemdir.

Eins og atvikum er háttað í máli þessu, er það mat Fiskistofu að skipstjóri fiskiskipsins hafi ekki tryggt að réttar og fullnægjandi upplýsingar bærust vigtarmanni, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996, þar sem skilyrði línúvildunar í veiðiferð 27. mars 2023 voru ekki uppfyllt. Í ljósi þess verklags sem var viðhaft hefði skipstjóri átt að tilkynna hafnarverði við löndun aflans og fyrir skráningu í GAFL, að línúvildun yrði ekki nýtt í þessum tiltekna róðri, sbr. 6. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 974/2022. Það að skipstjóri hafi leiðrétt aflaskráninguna þremur tímum eftir löndun breytir ekki því mati, sérstaklega í ljósi þess að fram kemur í athugasemdum málsaðila að óskað hafi verið eftir breytingu á skráningu aflans til þess eins að sleppa við málsmeðferð.

Skipstjóri Litlanes PH-3, skipaskrárnúmer 2771 braut gegn 3. málsl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996, með því að hafa látið skrá línúvildun á afla skipsins þann 27. mars 2023, þrátt fyrir að skilyrði til línúvildunar voru ekki uppfyllt, skv. 1. gr. reglugerð nr. 974/2022, þar sem önnur veiðarfæri eða hlutar þeirra voru um borð og tryggði þar með ekki að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann bærust til vigtarmanns.

Í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, segir að Fiskistofa skuli svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa, hafa brotið gegn ákvæðum laganna eða reglum settum samkvæmt þeim. Í 2. mgr. er kveðið á um lengd veiðileyfissviptinga en í 3. mgr. segir að við fyrsta minniháttar brot skuli Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu. Við mat á því hvort um minniháttar brot er að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Í þessu máli er til þess litið að hlutaðeigandi útgerð hefur fjárhagslegan ávinning af því að skrá aflann með línúvildun þar sem hún felur í sér að 15% aflans dregst ekki af

aflamarki skipsins. Við mat á því hvort brot ógnar mikilvægum hagsmunum er litið til þeirra eftirlitshagsmuna sem Fiskistofa hefur af því að farið sé að öllum skilyrðum línuvildunar. Að sama skapi ógnar brotið jafnræði þeirra er stunda veiðar. Fiskistofa telur brotið einnig ógna mikilvægum byggðarsjónarmiðum, þar sem línuvildun er ætlað að stuðla að traustri atvinnu og byggð í landi. Í ljósi þessa er mikilvægt að staðið sé rétt að upplýsingagjöf, sé ætlunin að nýta línuvildun fyrir tiltekna veiðiferð. Við mat á ásetning eða gáleysi er litið til þess að skipstjóri óskaði eftir leiðréttingu á aflaskráningu, að því er virðist vegna afskipta veiðieftirlitsmanns Fiskistofu. Að mati Fiskistofu voru brot skipstjórans á fiskiskipinu Litlanes ÞH-3 (2771) framin af ásetningi. Í ljósi þess að Fiskistofa varð við umræddri beiðni skipstjóra, er ekki þörf á leiðréttingu á aflaskráningu í máli þessu.

Við ákvörðun viðurlaga er litið til ítrekunaráhrifa sem kunna vera á útgerðinni, en þann 27. september 2022 veitti Fiskistofa útgerðinni Ísfélag hf. áminningu vegna brottkasts um borð í fiskiskipinu Litlanes ÞH-3 (2771). Brot sem hér er til meðferðar hjá Fiskistofu er því ekki fyrsta brot í skilningi 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, ber því að ákveða viðurlög samkvæmt 1. og 2. mgr. 15. gr., sbr. 19. gr. laga nr. 57/1996.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brotsins og að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnisýsluréttarins þykir Fiskistofu rétt að beita vægustu mögulegu viðurlögum og svipta skipið leyfi til veiða í atvinnuskyni í eina viku.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskipið Litlanes ÞH-3, skipaskrárnúmer 2771, leyfi til veiða í atvinnuskyni í eina viku, skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Sviptingin gildir frá og með 22. janúar 2024 og til og með 28. janúar 2024. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar, skv. 19. gr. sömu laga.

Ákvörðun þessi er kæránleg til matvælaráðuneytisins, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því að hún berst málsaðila, sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið mar@mar.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar.

